

Til borgarráðs

***Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins); 6. mál***

Með tölvupósti, dags. 14. desember sl. sendi efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins). Frestur til að skila umsögn um frumvarpið er skammur eða til dagsins í dag, 15. desember 2016. Frumvarpið varðar, þrátt fyrir nafngift þess, einnig Brú lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga enda varðar efni þess jöfnun lífeyrisréttinda á íslenskum vinnumarkaði, þ.e. milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins en Brú lífeyrissjóður er, eins og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, lífeyrissjóður opinberra starfsmanna.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur skilað umsögn um frumvarpið þar sem gerðar eru nokkrar athugasemdir en að öðru leyti mælt með því að frumvarpið verði samþykkt. Undirrituð leggur til að borgarráð taki undir breytingartillögur Sambands íslenskra sveitarfélaga og mæli með samþykkt frumvarpsins svo breyttu.

Kristbjörg Stephensen

